



Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið
b.t. Skrifstofu stefnumörkunar og alþjóðamála
hvin@hvin.is
Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 31. maí 2024

Efni: Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi

Samtök iðnaðarins (hér eftir „samtökin“ eða „SI“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um viðurkenningu á faglegri menntun og hæfi til starfa hér á landi. Með breytingunni er tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/958, frá 28. júní 2018, um meðalhófsprófun áður en samþykkt er ný lögverndun starfsgreina (hér eftir „tilskipunin“) innleidd í íslenskan rétt, mál nr. S-99/2024. Tilskipunin kveður m.a. á um að viðhöfð skuli rýni þegar EES-ríki telja koma til álita að lögvernda ný störf eða þegar gildandi regluverk er endurskoðað. Þá er kveðið á um að rýna skuli skilyrðin fyrir aðgengi að störfum og hvort gætt sé meðalhófs við ákvarðanir þar um, í því samhengi skuli líta til eðli starfs og almannahagsmuna.

Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytið kynnti áform sín um framangreindar breytingar í samráðsgátt Stjórnarráðsins 12. febrúar 2024 og skiluðu samtökin umsögn um málið þann 12. apríl 2024. Í umræddum áformum var fjallað um tilefni og nauðsyn lagasetningar og var sérstaklega vísað til laga nr. 19/2020 um breytingu á ýmsum lögum varðandi leyfisveitingar (einföldun regluverks) og samkeppnismats OECD frá 2020 sem unnið var samkvæmt samningi við íslensk stjórnöld. Í umræddu samkeppnismati var m.a. fjallað um löggiltar starfsgreinar og lagðar fram tillögur um aðgerðir til einföldunar. Í umsögn sinni um málið lögðu samtökin áherslu á að þegar hafa verið gerðar viðeigandi ráðstafanir í samræmi við tillögur OECD. Í því samhengi nefndu samtökin m.a. breytingu á reglugerð um löggiltar iðngreinar nr. 940/1999, frá ágúst 2022, þar sem ráðherra ýmist felldi niður eða sameinaði 16 lögverndaðar iðngreinar. Þá var kerfi meistararéttinda endurskoðað og vísuðu samtökin þar í Leið A þar sem iðnaðarmönnum var gert auðveldara fyrir að afla sér meistararéttinda. Bentu samtökin þannig á að tekið hafi verið tillit til samkeppnismats OECD hvað það varðar.

Í núverandi greinargerð með drögum frumvarpsins hefur ráðuneytið horfið frá fyrri sjónarmiðum er varðar tilefni og nauðsyn lagasetningar um samkeppnismat OECD en er þess í stað vísað í áherslur ríkisstjórnarinnar um einföldun regluverks og aukins samkeppnishæfni og sveigjanleika íslensks atvinnulífs. Þá er segir í greinargerð með frumvarpinu að frumvarpið hafi ekki í för með sér breytingu á lögum og reglum um lögverndaðar starfsgreinar. Eingöngu er kveðið á um að stjórnvöld tryggi að meðalhófsprófun á nýjum eða breyttum reglum fari fram, og kanni þannig hvort önnur úrræði en löggilding geti náð því markmiði sem stefnt er að hverju sinni. Í því samhengi vilja samtökin áréttta að innleiðing tilskipunarinnar gefur ekki tilefni til endurskoðunar á reglum er varða löggiltar iðngreinar enda standast þær meðalhóf með vísan í lög um handiðnað nr. 42/1978 sem liggja til grundvallar iðnrekstri á Íslandi og er ætlað að skapa hvata fyrir einstaklinga til að sækja sér iðnmenntun og vissu fyrir neytendur um að þeir einstaklingar sem veita þjónustu á sviði handiðnaðar hafi tilskilda færni. Í ljósi þess að ríkir almannahagsmunir eru til staðar þegar kemur að því að vera með öflugt iðnám og fagleg



vinnubrögð vilja samtökin áréttta þá afstöðu sína að endurskoðun á löggildingu iðngreina komi ekki til greina án samráðs við greinarnar sjálfar. Þá vilja samtökin áréttta að lítið sem ekkert opinbert eftirlit er til staðar með lögvernduðum iðngreinum. En samtökin hafa talað fyrir viðeigandi eftirliti með lögvernuðum iðngreinum um árabíl. Að mati samtakanna er það varhugavert að lögskýringargögn sem fylgja umræddum drögum að frumvarpi gefi til kynna að stjórnvöld leiti leiða til að draga úr hæfisskilyrðum þegar ekki er til staðar eftirlitskerfi sem tryggir almannahagsmuni né öryggissjónarmið.

Að öðru leyti eru ekki gerðar frekari athugasemdir við fyrirbyggjandi frumvarp til laga. Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum og lýsa sig um leið reiðubúin til að funda um efnið sé þess óskað af hálfu ráðuneytisins.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hulda B. Kjærnested Baldursdóttir', written over a horizontal line.

Hulda Birna Kjærnested Baldursdóttir
verkefnastjóri í mennta- og mannauðsmálum